

Fólkska Anthony Fauci. Tilraunir á dýrum og börnum. Barnanið ríkisvalds og lyfjarisa

Nýlega skýrðu blaðamenn frá Fox fréttaveitunni frá skýrslu, sem unnin var á grundvelli gagna frá opinberum heilbrigðisyfirvöldum, nánar tiltekið stofnun, sem bólusetninga- og lyfjapáfi Bandaríkjanna og heimsins alls, Anthony Fauci, veitti forstöðu í áratugi. Beita þurfti upplýsingalögum til að fá gögnin afhent.

Rannsóknirnar voru unnar á hundum. Húð af fósturum var einnig notuð. (Fóstur og forhúðir drengja koma víða að gagni í lyfjaiðnaði og rannsóknum. Verkefnið var kallað „Hvítfrakkaúrgangsverkefnið“ (The White Coat Waste Project).

Skýrt er frá hrottalegum misþyrmingum á dýrunum. Þær minna á önnur afrek embættis Anthony Fauci og lyfjaframleiðenda á börnum í Nýju Jórvík og víðar um heim. Líkum barnanna var kastað í fjöldagröf. Um þetta er fjallað af kostgæfni í breskri heimildarmynd frá árinu 2004. <https://www.youtube.com/watch?v=is6Dtx8bXSU>

Ég skrifaði á sínum tíma eftirfarandi pistil um efnið: „Tilraunagrísir heilbrigðisyfirvalda og lyfjaiðnaðar. Börnin í Nýju Jórvík.“:

„Ríkisstjórn Íslands og sóttvarnaryfirvöld hafa haft okkur að ginningarfíflum. Þau hafa lagt á það þunga áherslu, að hvern mannsbarn yrði ”bólusett” með mRNA tilraunalyfi frá Pfizer og fleirum. Dræm virkni þeirra hefur knúið fram nýja skilgreiningu á „bólusetningu,” þ.e. nú dugi, að í okkur sé sprautað efni, sem sé vörn gegn ákveðnum sjúkdómi. Áður átti bóluefni að veita ónæmi.

Sóttvarnarlæknir boðar fagnaðarerindi sitt á grundvelli rannsókna lyfjafyrirtækjanna, sem eru – eins og margoft hefur verið sýnt fram á – meingallaðar og rangfærðar. Nú eru börnin meira að segja leidd til sprautunnar. Það væri því ekki úr vegi að glugga ofurlítið í þessa sögu.

Sagan, sem BBC sagði fyrir bráðum tveim áratugum síðan, er lærdómsrík. Þar er þó ekki sögð sagan af því, hvernig lyfjafyrirtækin hegða sér í hinum svokallaða þriðja heimi. Nei, hér erum við stödd í Nýju Jórvík (NY) í landi hinna frjálsu.

Lyfjatilraunirnar, sem skýrt er frá, eru gerðar með samþykki heilbrigðisyfirvalda – og yfirleitt fjármagnaðar af þeim, þ.e. ýmist af Þjóðarheilbrigðisstofnuninni (National Health Institute) eða undirdeild hennar, Sóttvarna- og ofnæmisstofnun þjóðarinnar (National Institute of Allergy and Infectious Diseases).

Þar birtist ljóslifandi - eins og oft er, þegar tilraunir með bóluefni og lyf ber á góma - Anthony nokkurn Fauci (f. 1940), sem „merkilig nokk“ hefur verið alvaldur – eða því sem næst - í þessum efnum í áratugi. Anthony er Þórólfur Bandaríkjanna. Okkar Þórólfur segir Sóttvarnastofnun BNA vera „ábyrga“ stofnun. Aðdáun sína á Pfizer hefur hvorki hann né fóstbróðirinn, hinn óopinberi sóttvarnarlæknir, Kári, farið leynt með.

Bandarísk heilbrigðisyfirvöld, háskólastofnanir, kirkjan og barnavernd Nýju Jórvíkur, beittu ofurafli sínu, hvert með sínu sniði, og tóku börn fátækra fjölskyldna og komu fyrir í tilraunabúðum eða hjá fósturforeldrum, sem taka vildu þátt í tilraununum. Um var að ræða börn, fædd með eða smituð af alnæmi, eða afkvæmi alnæmissmitaðra mæðra.

Meðal lyfjafyrirtækjanna er góðkunningi okkar, Pfizer, sem og GlaxoSmithKline (áður Burroughs Wellcome) og Merck, sem öll hafa komið að framleiðslu „bóluefna“ við covid-19. (Baneitrað lyf Merck, Vioxx, hefur nýlega verið fjarlæggt af markaði – á Vesturlöndum alla vega.)

Það kemur varla á óvart, að réttlæting þeirra, sem fyrir tilraununum stóðu, væri á þá lund, að blessuðum börnunum væri gefin nýjasta og besta meðferð sem hugsast gæti.

Eitt þeirra lyfja, sem dælt var í börnin (stundum bókstaflega) er „kjarnorkusprengjan,“ sem stundum er svo kölluð, „Nucleoside analogue“ (Zidovudine, Retrovir). Lyfið hefur verið gefið fullorðnum alnæmissjúklingum og fjöldi alvarlegra fylgikvilla hefur komið í ljós, alveg eins og með annað lyf, Nevirapine.

Prófið, sem greina skyldi á milli smitaðra og ósmitaðra, er ómóta óáreiðanlegt og PCR próf það, sem skilur á milli feigs og ófeigs í kórónufaraldrinum. Þó ekki að mati Þórólfs okkar allra.

Laim Scheff (f. 1971) er rannsóknarblaðamaður, sem árið 2004 fór að forvitnast. Innanbúðarfólk hvíslaði í eyra hans, að „eitthvað hræðilegt“ ætti sér stað á vegum ofangreindra aðilja. Hann segir m.a.:

„Börnunum eru gefin eitruð lyf – okkur er kunnugt um, að þau valda stökkbreytingum á erfðum, bilun í líffærum, dauða beinmergs, afskræmingu líkamans, heilaskemmdum og banvænum húðsjúkdómum.

Neiti börnin að taka lyfin, er þeim haldið niðri og þau fóðruð með valdi. Veiti þau enn viðnám er farið með þau á Columbia Presbyterian sjúkrahúsið. Þar er þrædd slanga gegnum kviðarholið og inn í maga. Upp frá því er lyfjunum sprautað beint í iður þeirra.

Árið 2003 fengu tvo börn, sex og tólf ára, heilablóðfall (hjartaslag - stroke) vegna lyfjæitrunar. Það sex ára varð blint. Bæði dóu skömmu síðar. Nýlega lést fjórtán ára gamalt barn. Átta ára gamall drengur var lagður undir hnífinn, svo fjarlægja mætti stóra kekki í hálsi hans, aukaverkun af lyfjunum. Þetta er ekki vísindaskáldskapur. Þetta eru alnæmisrannsóknir.“

Vera Sharav (f. 1937), stofnandi „Samtaka um mannvernd við rannsóknir“ (Alliance for Human Research Protection), sem rannsakað hefur þessar rannsóknir um árabil, sagði:

„Fauci fægði barasta öllum dauðu ungabörnunum undir teppið. Þau voru hliðartjón (collateral damage) á framabraut hans. Þau voru sorpbörn (throw away).“

Celia Ingrid Farber (f. 1965) er rannsóknarblaðamaður, sem hefur reynt að lyfta hulunni af ofangreindum tilraunum. Hún uppgötvaði gröf eða skurð, þar sem börnin voru husluð.

„Ég trúði ekki mínum eigin augum. Þetta var afar stór gryfja, hulin gervigrasmottu, sem fletta mátti af. Undir mottunni voru tylftir einfaldrá trékista í óreglulegum röðum. Þær gætu hafa verið hundrað eða svo. Ég komst að því, að í hverri þeirra væri fleiri en eitt lík. Stórum grafsteinum var raðað í hálfhring um gryfjuna. Á þá voru rituð nöfn allt að þúsundi barna.“

Robert Kennedy segir: „Og doktor Facui lét sér ekki duga að gera ósiðlegar tilraunir með alnæmislyf á bandarískum börnum. Í júní áttu sér stað 10.906 klínískar tilraunir í níutíu löndum. Deildin doktor Fauci, nýlega skírð „Deild áunnins alnæmisheilkennis“ (Division of Acquired Immunodeficiency Syndrome - DAIDS),

ruddi nú brautina við tilraunir með eittrað samsull veirusýkingarlyfja. [Þær voru] fjögur hundrauð talsins í Bandaríkjunum og á alþjóðavísu.“

Það ber að taka fram, að staðreyndamáliðar (fact checkers) lyfjafyrirtækjanna og hlutaðeigandi stjórnvalda, sem meira að segja hafa hreiðrað um sig í Wikipedíu, hafa hjólað í alla, sem hér eru heimildarmenn. BBC var meira að segja þvingað til að skrifa afsökunarbeiðni í þá veru, að „afneitunarsinnar“ hefðu ráðið för við gerð heimildarmyndar þeirra. Það er sama heiti og RÚV gefur þeim, sem efast um rétttrúnaðinn, t.d. að heimsendir sé á næsti leiti.

Til frekari upplýsingar; það urðu einnig örlög Nóbelsverðlaunahafans í efnafræði, Kary Mullis (1944-2019), sem fann upp raðgreiningaraðferð þá á hvítum (próteinum), sem er grundvöllur veiruprófa eins og PCR. Hann sagði þau ónákvæm og ekki til sjúkdómsgreiningar fallin.

Það er alkunna í heimi heilbrigðisrannsókna, sagði hann, að fólk á öndverðum meiði við Anthony Fauci og máliða hans, séu ýmist lygarar eða fávitar, enda vegur hann snöfurmanna að þeim, ýmist múlbundur, gerir útlæga, útskúfar eða mútar.“

(Sjá: Kennedy Jr., Robert F. . The Real Anthony Fauci: Bill Gates, Big Pharma, and the Global War on Democracy and Public Health.)

<https://www.theguardian.com/world/2004/apr/04/usa.highereducation>

http://news.bbc.co.uk/2/hi/programmes/this_world/4035345.stm

https://www.sourcewatch.org/index.php/Foster_child_drug_trials

<https://dailycaller.com/2021/06/22/fda-biogen-alzheimers-aduhelm-memos/>

<https://www.bizpacreview.com/2021/05/07/faucis-agency-grafted-aborted-human-fetus-scalps-onto-rats-in-400k-experiment-report-says-1070561/>

<https://townhall.com/tipsheet/rebeccadowns/2021/06/06/dr-anthony-fauci-tied-to-another-scandal-this-one-involving-fetal-animal-hybrid-experiments-n2590555>

<https://dailycaller.com/2021/08/04/anthony-fauci-niaid-georgia-beagle-experiment/>

<https://ussanews.com/2023/10/07/is-this-true-mass-graves-of-thousands-of-children-killed-by-fauci-in-illegal-experiments-found-in-nyc/>

<https://www.foxnews.com/media/fauci-report-niaid-400k-research-dogs>

<https://www.youtube.com/watch?v=is6Dtx8bXSU>

<https://rumble.com/v3ng5fm-mass-graves-of-thousands-of-children-killed-by-fauci-in-illegal-experiments.html>